

**L ö g**

um

19. júní.

breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

36. gr. og fyrri málsgrein 37. gr. sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnun og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga til-  
tölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgærð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar.

Ef bú, verslun eða annað arðsamt fyrirtæki er rekið alt gjaldárið í einum hreppi, sem eigandi ekki á lögheimili í, hefir hreppsnefndin í hreppnum, þar sem fyrirtækið er rekið, rjett til að leggja fult útsvar á arðinn af því og eignina, sem notuð er til að reka fyrirtækið með, eins og eigandinn ætti lögheimili í hreppnum, en hreppsnefndin, þar sem eigandi fyrirtækisins á lögheimili, hefir þá engan álögurjett á þær eignir eða arðinn af þeim.

Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða aðeins til skemtunar, og á hvern hátt sem veiðin er stunduð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaaafnot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tíma-  
lengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer á brott.

Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í

29 sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt  
19. júní. útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

## 2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50, 28. nóv. 1919, og öll önnur ákvæði, sem koma í bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*

30  
19. júní.

## L ö g

um

breyting á lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, um skemtanaskatt.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: